

Vegagerðin
Svanur G Bjarnason
Breiðumýri 2
800 Selfossi

Umhverfisstofnun
Ab. _____
19. júní 2014
9.5.3
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. júní 2014
Tilvísun: UST20140600059/bs

Vegagerð í Dyrhólaey-leyfi Umhverfisstofnunar

Þann 6. júní 2014 barst Umhverfisstofnun bréf frá Bjarna Jóni Finnsyni Vegagerðinni í Vík þar sem óskað er leyfis Umhverfisstofnunar til að ráðast í lagfæringu núverandi vegar í Dyrhólaey. Um er að ræða breikkun vegarins frá ristarhliði að bílastæði í Lágey alls um 1.400 metra. Ráðgert er að breikka veginn um 1 m þar sem ljóst er að nýlegar framkvæmdir við veginn eru ófullnægjandi vegna fjölda stórra bíla sem um veginn fara. Efni verður tekið úr námu í farvegi Klifandi.

Framkvæmdin er innan svæðis sem friðlýst var með auglýsingu nr. 101/1978 í Stj.tíð. B. Um friðlandið gildir m.a. eftirfarandi regla: 1. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimilt án leyfis Umhverfisstofnunar. Mannvirkjum sem á friðlandi eru, skal vel við haldið.

Hér er um breikkun núverandi vegar að ræða. Nokkuð hefur borið á að bílum hefur verið ekið í vegfláum vegna þess hversu mjór vegurinn er. Vegurinn sem slíkur er því ekki til prýði og kemur ekki að fullum notum. Efni í veginn verður ekið út þannig að hér er um afturkræfa framkvæmd að ræða. Engin efnistaka verður í Dyrhólaey.


Við framkvæmdina mun ásýnd svæðisins batna og ástand mannvirkja mun verða í samræmi við þær reglur sem gilda um friðlandið.

Umhverfisstofnun veitir leyfi fyrir framkvæmdinni með eftirfarandi skilyrðum.


- Að frágangur verði vandaður
- Að komið verði í veg fyrir óþarfa rask utan framkvæmdasvæðis.
- Að Umhverfisstofnun sé tilkynnt um framvindu verksins.

Umhverfisstofnun telur að ef farið verði að ofangreindum skilyrðum muni framkvæmdin ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi þess svæðis sem auglýsing í Stj.tíð. B, nr. 101/1978 nær til.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri

Afrit: Bjarni Jón Finnsón, Vegagerðinni Vík í Mýrdal


Björn Stefánsson
sérfræðingur